

kveðnari svör hefði ráðherra átt að geta flutt þinginu um stjórnarskrár og fánamál.

Um það sem ráðherra minnst á að fyrir sér vaki að gera hlé á sambandsþrefinu og leggja alla alúð við innanlandsmálin, er Suðurl. honum samþála. Því þykir og gott að heyra að hann vill vinna að eflingu landbúnaðarins og aukinni ræktun landsins, o. fl. En nú er eftir að vita á hvern hátt þetta megi best takast.

Annars er það sameiginleg synd fyrir stjórnir og þingflokka hér, að á hinum svokölluðu stefnuskrám þeirra er nauða lítið að græða. Flokkarnir skamma hver annan fyrir stefnuleysi gefa út stefnuskrár, sem aldrei stendur neitt í, eða lítið annað en það sem haldið er að best gangi í fólk. Og í þessu er svo meinlega jafnt á komið stundum að enginn þar neitt öðrum að lá.

Hver stefnuskrá gamalla þingflokka eða reyndrar stjórnar er á pappírnum, gerir reyndar minnst til. Stefnuskráin er þá rituð í bók reynslunnar. Öðru máli er að gegna fyrir þá sem litla fortíð eiga í stjórnmálum. Þar býst maður altaf við einhverju til að byrja með.

Og Suðurland vill ekki dyljast þess að því þykir ráðherrann nýji helst til sagnafár í þessari stefnuskrár ræðu sinni. Þó er ekki um það að sakast ef honum er það í hug sem ekki er ólíklegt, að hafa sem fæst orð, en láta því meir til sín taka í verki.

Harðindin og þingið.

Sjálfsgætt rættist fljótlegra úr aftur hjá flestum er tjón biðu af harðindunum í vor ef heyskapurinn gengur vel í sumar. En enn þá er það ekki fullreynt. Það var því eins og Sl. benti á í vor, ástæða til þess að þingið hefði einhvern viðbúnað til að draga úr afleiðingum fellisins í vor.

Lítið hefir samt orðið um afskipti þingsins af þessu máli, — þau ein að Sig. Stef. Þakkaði guði fyrir harðindin, og svo að samþ. var í neðri deild þessi tillaga frá Birni Kristjánssyni, Sig. Gunnarssyni og Hirti Snorrassyni.

„Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að sjá um, ef hún sér fært, að varið sé allt að 50 þús. kr. af láni því, sem henni er heimil að að taka með lögum 1. ágúst 1914 til þess, eftir óskum einstakra hreppa eða sýslufélaga, eða með öðru handbæru fé, að bæta með hagfeldum lánveitingum úr tilfinnanlegasta tjóni, sem hlutaðeigandi hreppar eða sýslufélög hafa orðið fyrir á síðastliðnu vori“.

Eitthvað örlítið gagn getur að þessu orðið — tillögunni, en þakkargjörðinni — ja hver veit?

Kári var spurður fréttu af þinginu. Hann svaraði:

Mest um héra hjalað var „humbug“ flutti kerlingar milli deilda; en dáðliðlar drógu ýsur kempurnar.

Listamaður. Eyjólfur Jónsson.

Við vorum þarna í skjóli og skugga nálægt Skógafossi. Alt í einu sáum við að maður kom hlaupandi norður með ánni. Og við höldum að hann ætlaði rakið inn í fossinn. En vatnsreykur fossins hindraði hann. Hann staðnæmdist, og auðsjáanlega stóð hann hugfanginn og starði á fossinn. Og er hann hafði staðið þarna stundarkorn, dróg hann sig til baka, leit oft við til fossins, en staðnæmdist brátt, tók upp spjald og hélt fyrir framan sig. Og við þóttumst sjá að maðurinn var að mála. Og er hann, að því er okkur virtist var búinn að því, snéri hann til baka hljóp syngjandi — mér heyrðist Eldgamla Ísafold, — leit við og við til baka, uns hann var horfinn fyrir nefið. Þá yfirgaf ég félagi minn; hann fór heim til sín, en ég hafði allan hug á því að vita hver sá náungi var, sem starði á fossinn. Ég fór því sömu leið og hann, og ég fékk að vita að maður þessi var Eyjólfur Jónsson frá Reykjavík, ættaður undan Eyjafjöllum. Eg hafði aldrei séð hann, enda hafði hann verið hingað og þangað með móður sinni umkomulausri. Nú var mér sagt að hann hefði verið að mála fossinn og af tilviljun fékk ég að sjá myndina. Og þarna var Skógafoss, sannur Skógafoss. Þar var ekkert of eða van. Og maðurinn sem ekki hafði séð Skógafoss fyr, hafði orðið algjörlega hrifinn af fegurð hans og fullyrt að enginn foss í heimi gæti verið fegri.

Svo fékk ég að sjá fleiri myndir, sem Eyjólfur þessi hafði málað í þessari Eyjafjallaferð sinni t. d. mynd af Holtsnúi, Miðskálagili, Ysta-Skála þar sem Sveinbjörn Jónsson býr, Ír-árfossi o. fl. og allar voru þær sannar og sýndu hlutina nákvæmlega eins og þeir eru.

Og þess er eg fullviss að þar bætist í listamannahópinn okkar góður listamaður þar sem Eyjólfur er. Hans hefir lítið verið getið til þessa, en hann á svo mikið af sannri list í fórum sínum, að hann hlýtur að eiga eftir að vekja athygli á sér og vinna sér frægð.

Eyfellungur.

Matvörukaup stjórnarinnar.

Landsstjórnin hefir tekið skip á leigu og sent til New York til kornvöru kaupa. Þeir Johnson & Kaaber annast um innkaupin. Skipið sem förina fer er norskt „Hermód“. Sagt er að það sé í ráði að skip þetta fari tvívegis og mun eigi af veita eftir því sem horfurnar eru nú. —

Kornvörubirgðir verslananna eru sárlitlar eða engar hér á Suður- og Vesturlandi. Betri norðanlands og á austfjörðum.

Þetta er því þörf ráðstöfun. — En hvernig á svo að selja þessa vöru sem landsstjórnin lætur flytja hingað? Ætlar stjórnin að selja kaupmönnum? Það væri óþörf króka-leið. Um þetta hefir ekkert heyrt. En sennilega geta sveita og sýslufélög átt kost á að kaupa af landsstj. án þess að nota þurfi milligöngu

kaupmanna. Væri að minsta kosti rétt að þetta yði gert vitanlegt í tíma. Á þessu ætti reyndar enginn vafi að vera. Því innkaup þessi eru gerð fyrir almenning en ekki einstaka menn.

Flug yfir Norðursjóinn.

Yfir Norðursjóinn frá Englandi til Noregs fór Norðmaðurinn Trygve Gran 31. í. m. Er þetta fyrsta flug yfir Norðursjóinn, og þykir Norðmönnum mikil fremd að þessari för Grans.

Vegalengdin yfir Norðursjóin er um 500 km. Trygve Gran lagði upp frá Grinden Bay við Aberdeen kl. 1,10 og lenti á Jaðrinum kl. 6,20. Hafði hanu þá farið 503 km. á 5 klukkst. og 10 mín.

Undarlegt en þó satt.

Ég var að lesa grein eftir Guðm. Hjaltason um fyrirlestraferð hans á Norðurlandi, og rak ég mig þar á þetta, þar sem hann er að tala um áhuga ungmenntafélags í Húnavatns-sýslu er fjölmenti á fyrirlestra hans í ófæru veðri:

„Höskuldsstaðafólkið sýndi glögt hvað góður áhugi dregur þó torfært sé. Hið gagnstæða þekki ég líka dálítið, og engu síður í góðviðrum góðsveitanna, en í illviðrum útkjálkanna. Já mér hefir vírst andlegi áhuginn oft vera langmestur í harðbalasveitunum, bæði utanlands og innan. Í góðsveitunum eru oft andleysisblettir líkt og brunaskellur undan óhöfsáburði í túnunum kringum bæi“.

* Leturbreyting blaðsins.

Mannalát.

† Þorfinnur Þórarinnsson bóndi á Spóastöðum í Biskupstungum er nýlátinn úr lungnabólgu. Hann var rétt þritugur að aldri, myndarbóndi mikill, og atgerfismaður um margt. er að honum mikill mannskaði. Verður hans nánar minnst í næsta blaði.

Úr heimahögum.

Eyrarbakkalæknið er veitt Gísla Péturssyni lækni á Húsavík. Er með þessu sýnt og sannað hve mikils veitingarvaldið metur vilja og óskir almennings. — Og almenningur þakkar náttúrulega í aumýkt hjarta síns.

Veðráttan undanfarið hefir verið hin besta, stöðug blíðviðri, daufur er þó þorrinn en vandræðalitíð þó allt með heypurk þangað til þessa síðustu viku.

Smjör sala. Hröarslækjarsmjörbú hefir nýlega fengið kr. 1,40 fyrir smjör pd. í smjörsemdingu þeirri er seld var síðast frá því búi. Zöllner seldi.

Velkindi. Kvillasamt til muna hefir verið hér eysta í sumar. Lungnabólga stingur sér niður ekki

óviða. Barnaveiki, Kíghósti, Tanga-veiki o. fl.

Flóaaðveitan. Mælingin fyrir á-veitunni mun nú vera all langt komin áleiðis. Er þeir mælingamenn nú hér í grend við Eyrarbakka og Stokkseyri.

Á Miklavatnsmýri er sagður á-gætur grasvöxtur nú, eins og vænta mátti úr því nægilegt vatn náðist í þetta sinn.

Lög frá alþingi.

Undir þessari fyrirsögn mun Sl. geta þeirra af lögum frá þinginu í sumar er það finnur ástæðu til. Verða þau lög birt í heild sinni er almenningi er mest nauðsyn á að þekkja en hinna aðeins getið lauslega.

Lög

um notkun bifreiða.

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með afvél í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori, eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórna, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekin tíma, ef slík umferð álist hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

3. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugðum og auðvelt sé að snúa þeim. Sé bifreið þingri en 350 kg. skal vélin geta knúð hana aptur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo að mesta breidd utanmáls sé 1,75 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sérstaka vegakafli snertir.

A hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða (35 km.) og umbúnaður, sem varni því, vagninn geti runnið forbrekkis, ef annarhvor hemillinn orkar ekki.

2. horn til þess að gefa með hljóðmerki.

3. Ennfremur þegar dimt er:

a. tvö tendruð ljósker, sitt á hverri hlið bifreiðarinnar framantil, og í sömu hæð, sem lýsa svo, að okumaður sjái að minsta kosti 12 metra fram á vegin.

b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða þar á meðal sérstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sérhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum, og greiðir vagneigandi

kostnaðinn við skoðunina. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn og ekki má taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigandaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytji bifreiðareigandi úr einu lögsagnarumdæmi í annað, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna, og skal þá lögreglan taka ákvörðun um, hvort breyta þurfi merki vagns hans.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar, og tekið merkið af henni.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 18 ára að aldri, og hafi ökuskrteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

Til þess að öðlast slíkt ökuskrteini, verður htutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sé áreiðanlegur og samviskusamur. Enn fremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefur skirteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Lögreglustjóri getur svipt hvern þann ökuskrteini um tiltekinn tíma eða fyrir fult og alt, sem er dæmdur í refsingu fyrir brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim, og sömuleiðis hvern þann, sem álitid er að hafi ekki lengur þá eiginleika, er útheimtist til þess að fá ökuskrteini,

6. gr.

Ökuhraðann skal ávalt temprasvo að komist verði hjá slysum og ekki sé trufluð umferð.

Í kaupstöðum, kaupsýnum og ámóta þéttbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, nema stjórnarráðið leyfi meiri hraða eftir tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og okumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 35 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund.

Þar sem okumaður sér ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sé for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

7. gr.

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sér vinstra megin á veginum. Bifreiðin skal þegar nema, staðar, ef sá sem hún mætir gefur merki, eða okumaður sér að hestur hræðist eða verður órók, og skal hann

gera það sem í hans valdi stendur til þess að hestarnir komist fram hjá bifreiðinni án þess að fælast. Sömu varúðar skal bifreiðarstjóri gæta, er hann vill fara framfyrir vegfarendur, sem eru á undan honum, en þá skal bifreiðin vera hægra megin á veginum. Hins vegar skulu vegfarendur jafnframt vika úr vega fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei teifa for þeirra að öðru.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað þar sem vegurinn er svo mjór, að ekki komast hvorir fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

8. gr.

Okumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki ef hestur hræðast eða verður órók, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal okumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef krafið er, og hjálpa þeim er slasast hefir ef þörf gerist.

10. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sér frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði með skyldum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

11. gr.

Tvö hjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, verða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annað hvort beinlínis af akstri hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni skaðabótaskyldur, nema sá sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vitaverðri óvarkárni, eða uppvist verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem okumanni er skylt að gæta.

Framanskrað regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sé um bifreið, sem er til afnota fyrir almennig gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

14. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni

Kaupfélagið Ingólfur.

Gjörir kunnugt: Að það hættir allri lánsverslun á Háeyri á Eyrarbakka frá og með i dag og verður þar framvegis seldar vörur aðeins gegn borgun út i hönd, en ekki lánaðar út. — Vörur gegn borgun út i hönd mun félagið selja svo ódýrt, sem unt er.

Kaupfélagið Ingólfur.

Vegna breytingar þeirra á versluninni (sbr. ofangr. augl. frá kaupfélaginu Ingólfur), er hér með skorað á alla þá sem skulda versluninni hér á Háeyri að hafa borgað f. árs skuldir sínar fyrir 1. sept. næstkomandi og þessa árs skuldir fyrir 15. okt. næstkomandi.

Eyrarbakka 1. ágúst 1914.

Joh. V. Danielsson,

og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færast skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

15. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá réttur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

MOSS OLÍUFATNAÐUR

er bestur. Gætið vel að merkið

MOSS

standi á olíufatnaði yðar.

Hvassviðri

mikið á austan var hér á aðfaranótt fimtudagsins. Vélarbátur nýr sem lá í Þorlákshöfn og Þorleifur kaupm. Guðmundsson átti, sökk og brotnaði svo að aftan að vélin fór úr honum. Þar sleit og upp uppskipunarskip frá Einarshafnarverslun.

Vélarbát sleit upp hér á Eyrarbakka og lenti hann á skeri, brotnaði þó ekki til muna.

MOSS OLÍUFATNAÐUR.

Margra ára reynsla hefir sýnt og sannað að olíufatnaðurinn frá Moss er ósvikinn.

Kaupið því hann.

Á víð og dreif.

Heyannir ganga yfirleitt vel um land alt, grasvöxtur sémilegur viðast hvar, og þurkleysi hvergi til бага að mun enn þá. En nú eru margir hér hræddir við Höfuðdaginn.

Afl. Góðfiski á Vestfjörðum og Austfjörðum. Síðaraflí góður nyðra og sömuleiðis á Ísafirði.

Skilnaðarsamseti var ráðherra Sigurði Eggerz haldið í Vík í Mýr-

dal 17. þ. m. um leið og hann afhenti sýsluna.

Rauður hestur 6 vetra, mikið tagl og fax. Járnaður með slitnum skaflaskeifum, mark stýft hægra tapaðist frá Ingólfsfjalli fyrir austan vegamótin á laugardaginn var. Sá er hitta kynni hest þennan skili honum að Tryggvaskála eða Arbæ í Ölfusi.

Grár foli. Í júní mánuði þ. á. tapaðist frá Stóra-Höf dökkgrár foli 5 ára, ójárnaður og mig minnir marklaus, vetrarafrakaður með síðu en heldur þunnu tagli. Foli þessi var keyptur í fyrri sumar frá Breiðabólssstöðum í Austur Skaftafellssýslu.

Hver sem kynni að verða var við þennan fola er vinsamlega beðinn að gera mér aðvart.

Stóra-Höf 1. ágúst 1914.

Guðm. Þorbjarnarson.

2 stofur, helst við veginn á Eyrarbakka óskast til leigu. Uppl. í prentsmiðju Suðurlands.

Tvö reidþíls fundin á Flóaveginum. Vitja má að Langholti í Flóa.

Ung kýr, góð og af ágætu kyni, miðsvetrarþær, fæst til kaups á Efri-Gegnishólum.

Tapast hefir frá Nesi í Selvogi blágrá hryssa, járnud á framfótum, klár-geng, vetrarafrókuð. Man ekki mark. Sá er kynni að verða var við hryssu þessa er beðinn að gera aðvart Guðm. Jónssyni í Heklu eða undirrituðum.

Páll Grímsson, Nesi.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Jón Jónatansson.

Prentsmiðja Suðurlands